



## Niðurstöður aðalfundar Arion banka 2020 með leiðréttingu á niðurstöðum atkvæðagreiðslu

Aðalfundur Arion banka hf. 2020 var haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þann 17. mars 2020, kl. 16:00. Á fundinum var í fyrsta skipti notast við rafrænt kosningakerfi.

Við yfirferð á niðurstöðum atkvæðagreiðslu við lok fundarins kom í ljós að ekki höfðu öll atkvæði hluthafa skilað sér inn í talningu einstakra dagskrárliða. Nánar tiltekið urðu mannleg mistök til þess að þau atkvæði sem greidd höfðu verið í gegnum annað kerfi, skiluðu sér ekki með fullnægjandi hætti inn í kosningarkerfið. Í tilfelli tillögu samkvæmt dagskrárlið 14 „*Heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breyting á samþykktum*“ leiddu þessi mistök til þess að röng niðurstaða um atkvæðagreiðslu um tillöguna var birt á fundinum. Þannig kom fram að tillagan hefði verið felld þegar hið rétta er að hún var samþykkt með rúmlega 80,8% greiddra atkvæða. Fyrrgreind mistök höfðu ekki áhrif á úrslit atkvæðagreiðslu um aðra dagskrárliði. Ráðgert er að fundargerð aðalfundarins verði leiðrétt til samræmis. Ítarlegar niðurstöður aðalfundarins verða birtar á vef bankans innan 15. daga.

Eftirfarandi eru niðurstöður fundarins:

1. **Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta fjárhagsári var kynnt af Brynjólfi Bjarnasyni fráfarandi stjórnarformanni**

2. **Ársreikningur bankans fyrir síðastliðið starfsár var samþykktur**

3. **Samþykkt var að fresta afgreiðslu tillögu um útgreiðslu arðs**

Arion banka bærust fyrir aðalfundinn skriflegar beiðnir frá hluthöfum, sem ráða yfir meira en þriðjung hlutfjár bankans, um frestun ákvörðunar á aðalfundi um greiðslu arðs um tvo mánuði. Beiðnirnar byggja á heimild í 3. mgr. 84. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Beiðnirnar eru í takt við tilmæli Seðlabanka Íslands um að fjármálafyrirtæki endurskoði arðgreiðslutillögu í ljósi óvissu í efnahagsumhverfinu vegna COVID-19.

4. **Kosning stjórnar bankans**

Frambjóðendur í stjórn og stöður varamanna voru sjálfkjörnir. Brynjólfur Bjarnason var jafnframt kjörinn formaður stjórnar og Herdís Dröfn Fjeldsted varaformaður. Var þetta í samræmi við tillögu tilnefningarnefndar bankans.

Í stjórn Arion banka sitja því nú 7 stjórnarmenn:

- Brynjólfur Bjarnason (formaður)
- Herdís Dröfn Fjeldsted (varaformaður)
- Gunnar Sturluson
- Liv Fiksdahl
- Paul Richard Horner
- Renier Lemmens
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

og varamenn eru:



- Ólafur Örn Svansson
- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Þröstur Ríkharðsson

**5. Samþykkt var að Deloitte ehf. muni halda áfram í hlutverki sínu sem ytri endurskoðendur bankans**

Deloitte ehf. var kjörið til að halda áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi bankans fram að næsta aðalfundi. Byggir sú tillaga á samningi milli Arion banka og Deloitte ehf. frá ágúst 2019 og 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

**6. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra var samþykkt**

Samþykkt var að stjórnarlaun og laun nefndarmanna í undirnefndum verði sem hér segir: Mánaðarlaun stjórnarmanna verði kr. 490.900, mánaðarlaun varaformanns verði kr. 736.200 en mánaðarlaun stjórnarformanns verði kr. 981.400. Stjórnarlaun varamanna verði kr. 248.600 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 490.900 á mánuði, ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði. Í tilvikum erlendrar stjórnarmanna skulu framangreindar tölur vera tvöfaldar. Stjórnarmenn á Íslandi skulu njóta réttinda um séreignarsparnað í samræmi við gildandi kjarasamning Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í stjórnarnefndum félagsins að hámarki kr. 196.300 á mánuði fyrir setu í hverri nefnd og formönnum stjórnarnefnda kr. 255.000 á mánuði.

**7. Tillaga um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans var samþykkt**

Samþykkt var að laun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði sem hér segir: Nefndarmenn í tilnefningarnefnd, þ. á m. formaður nefndarinnar, fái kr. 154.500 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 154.500 á mánuði ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði og að hámarki kr. 927.000 á hverju almanaksári.

**8. Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja kaupréttaráætlun**

Stjórn var veitt heimild til að samþykkja kaupréttaráætlun byggða á 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og til að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins um kaup á hlutum í bankanum að fjárhæð allt að 600.000 kr. að markaðsvirði á ári hverju næstu fimm ár.

**9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans var samþykkt**

Starfskjarastefna bankans var samþykkt eins og hún var lögð fram á fundinum. Starfskjarastefnan er meðfylgjandi í heild sinni.

**10. Breyting á reglum tilnefningarnefndar**

Breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar, eins og þær voru lagðar fram, voru samþykktar. Starfsreglurnar eru meðfylgjandi í heild sinni.

**11. Kosnir voru tveir nefndarmenn í tilnefningarnefnd bankans**

Frambjóðendur voru tveir og því sjálfkjörnir:

- Júlíus Þorfinnsson
- Sam Taylor



## 12. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum var samþykkt

Aðalfundur samþykkti að lækka hlutafé bankans um 84.000.000 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 84.000.000 hlutum, til jöfnunar eigin hluta, úr 1.814.000.000 kr. í 1.730.000.000 kr. að nafnverði. Lækkunin nær aðeins til eigin hluta bankans, að uppfylltum skilyrðum laga.

## 13. Endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum var samþykkt

Samþykkt var að endurnýja heimild stjórnar bankans, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt.

Til að ná markmiði með framkvæmd endurkaupaáætlunar var stjórn bankans veitt heimild til að kaupa hluti í bankanum, allt að 10% af hlutafé. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti bankans með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir.

Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2021, en þó aldrei lengur en til 15. september 201. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.

## 14. Heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breyting á samþykktum

Stjórn félagsins var veitt heimild, fram til aðalfundar árið 2022, til að gefa út áskriftarréttindi fyrir allt að 54.000.000 nýjum hlutum í félaginu. Stjórn er jafnframt í fimm ár, til 17. mars 2025, heimilt að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun í tengslum við nýtingu áskriftarréttindanna. Stjórn ákveður hverjir fá rétt til að taka þátt í útboði þessara réttinda. Hvorki hluthafar né aðrir skulu njóta forgangsréttar til áskriftarréttindanna né hluta sem gefnir eru út í tengslum við nýtingu þeirra. Stjórn ákveður endanlegt söluverð áskriftarréttindanna á grundvelli áskriftarsöfnunar í lokuðu útboði og nánari skilmála þeirra.

## 15. Tillaga um breytingu á samþykktum var samþykkt

Samþykkt var að breyta grein 10.10, þannig að réttur hluthafa til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um slíkt til félagsstjórnar verði takmarkaður við aðalfundi bankans

## 16. Önnur mál

Brynjólfur Bjarnason, endurkjörinn stjórnarformaður Arion banka, þakkaði fyrir hönd nýkjörinnar stjórnar það traust sem fundurinn sýndi þeim með kjörinu.

